

VÍÐIDALSÁ 1990

Tumi Tómasson

└Hólum, júní 1991

VMST-N/91006X┘



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD**  
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

## VIÐIDALSA 1990

### INNGANGUR

Athuganir á seiðastofnum Víðidalsár fóru fram með hefðbundnum hætti sumarið 1990. Með rafveiðum er safnað upplýsingum um vöxt, útbreiðslu og þéttleika laxaseiðaárganga og fylgst er með viðgangi seiða sem sleppt er á ólaxgeng svæði. Mat á þessum þáttum er síðan lagt til grundvallar ráðgjafar um laxræktaraðgerðir á svæðinu.

Hreistursynum var safnað og aldursgreining þeirra veitir upplýsingar um vaxtarsögu laxanna sem þau eru tekin af. Þau eru m.a. notuð til að meta framlag laxaseiðaframleiðslu á ólaxgengum svæðum til laxveiðanna.

### VEIÐIN 1990

Veiðin í Víðidalsá 1990 varð með alversta mótí. Einungis 604 laxar veiddust, þar af 426 stórlaxar og 178 smálaxar. Gildran í Kolu var ekki starfrækt. Það var búist við slakri veiði, en þó varð stórlaxaveiði enn minni en búast mátti við.

Einungis hafa verið aldursgreind hreistursyni úr veiðinni fram til 25. júlí. Syni sem tekin voru síðar bærast of seint en verða tekin með í næstu skýrslu. Niðurstöður aldursgreiningarinnar eru teknar saman í Töflu 1.

Meðal ferskvatnsaldur laxa er heldur að lengjast og hlutfall laxa sem rekja má til smáseiðasleppinga er lágt. Einungis um fjórði hver lax kemur úr slíkum sleppingum, en sé miðað við uppeldisskilyrði mætti búast við að þetta hlutfall yrði a.m.k. tvisvar sinnum hærra. Stórt hlutfall sleppiseiða dvelur um 3 ár í ferskvatni og það ryrir mjög gildi sleppinganna. Þetta mun væntanlega breytast til batnaðar fljótlega, eins og vikið verður að síðar.

## ASTAND SEIDASTOFNA A LAXGENGUM SVÆÐUM

Rafveitt var dagana 10.-11/8, 24/8 og 31/8-1/9. Veitt var á sömu stöðum og á undanförnum árum, nema hvað að þessu sinni var ekki veitt neðst í Ásgeirsá (staður 7 í Víðidalsá). Niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í Töflu 2 og á Myndum 2-4.

### Víðidalsá

Vorgömul seiði fundust á öllum rafveiðistöðunum og þau voru mun stærri en samsvarandi árgangur árið á undan. Seiði úr klaki 1989 (1+ 1990) voru ríkjandi á öllum veiðistöðum nema efst í ánni (staður 5). Vöxtur þessara seiða er fremur hægur, en þau eru af svipaðri stærð og jafngömul seiði árið áður. Þau seiði sem nú voru 2+ (klak 1988) og voru ríkjandi í rafveiðunum 1989 hafa dafnað verst. Þau eru heldur minni en sambærileg seiði á undanförnum árum og almennt fremur rýr. Þegar samkeppnin er mikil er það oftast þessi árgangur sem fer verst út úr því, einkum á stöðum þar sem fæðuframboðið er frekar einhæft og samanstendur fyrst og fremst af rykmýslirfum. Það má reikna með að gönguseiðaframléiðslan verði eitthvað undir meðallagi vorið 1991, einkum neðantil í ánni.

### Fitjá

Astand seiðastofna er almennt frekar gott framantil í Fitjá, einkum fyrir framan Fremri Fitja (staðir 1-4). Þar eru seiði áberandi væn, enda er 1+ árgangurinn mjög lítill. Vorgömul seiði fundust einungis á stað 1 á þessum kafla en það er of snemmt að draga ályktanir um hann enn.

Þegar neðar dregur, einkum á stöðum 6-9, er ástandið mun lakara. Þar er mikið af smáum seiðum, vöxtur hægur og mestur hluti framléiðslugetu árinna fer í að metta seiði sem aldrei ná göngubroska. Eg tel ótvírætt að þarna verði að grípa til aðgerða og reyna nú að takmarka hrygningu á þessu svæði eins og framast er unnt.

## SLEPPINGAR GÖNGUSEIDA

Vorið 1989 var sleppt 2000 gönguseiðum neðarlega í Kambsá. Seiðin voru öll örmerkt. Ekki heimtist einn einasti lax úr þessum sleppingum. Á sama tíma skiluðu gönguseiðasleppingar í Miðfjarðará og Vatnsdalsá um 0.7% í veiði og stóran hluta smálaxaveiðinnar mátti rekja til gönguseiðasleppinga. Þetta er því fyrst og fremst um að ræða aðferðir og umhirðu seiða við sleppinguna. Vorið 1990 var aftur reynt að sleppa gönguseiðum og þá var reynd bein slepping. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þeirri sleppingu reyðir af.

## ÁSTAND SEIÐASTOFNA Á OLAXGENGUM SVÆÐUM

### Inngangur

Smáseiðasleppingar á olaxgeng svæði eru ein helsta ræktunaraðgerðin sem stunduð hefur verið í Víðidalsá og Fitjá, enda eru möguleikar á þessu svæði mjög miklir.

Eins og gert var grein fyrir í síðustu skýrslu hefur árangur seiðasleppinganna farið minnkandi vegna þess að seiðin sem sleppt var voru orðin svo smá að aukið hlutfall þeirra þurfti að dvelja þrjú ár í ánni til að ná sjóþroska. Þetta varð til þess að ásetningur seiða í ánni óx, sem þá jók samkeppni seiða um pláss og fæðu og olli enn frekari lengingu ferskvatnsdvalarinnar. Hægum vexti fylgir ekki eingöngu lenging ferskvatnsdvalar heldur einnig aukin dánartala á milli ára. Á grundvelli athugana sem ég hef gert í Núpsá í Miðfirði sýnist mér að lenging ferskvatnsdvalar sleppiseiða um eitt ár geti rýrt árangur sleppinganna um 70% eða jafnvel meira.

Til að draga úr samkeppnisáhrifum milli árganga var árið 1988 einungis sleppt seiðum á svæði þar sem ekki hafði verið sleppt árið áður, þ.e. í Víðidalsá fyrir framan Yxnárfoss og í Fitjá fyrir framan Bjarnárfoss. Sumarið 1989 var síðan sleppt aftur á hefðbundnar slóðir, þ.e. í Víðidalsá milli Bjarnár og Öxnár og í Kambsá. Sumarið 1990 var síðan sleppt aftur í Víðidalsá fyrir framan Yxnárfoss og í Fitjá fyrir framan Bjarnárfoss.

Í Víðidalsá var sleppt alls um 20 000 seiðum og náði sleppingin töluvert fram fyrir Kjálkafoss. Í Fitjá var sleppt 15 000 seiðum og var sleppt á rúmlega 6 km kafla, um 1 km fram fyrir Gilsbakka. Í báðum ánum var botngerð og straumlag eins og best gerist fyrir laxaseiði og hefði vel mátt sleppa miklu lengra fram eftir. Það eru ekki uppeldisskilyrðin sem takmarka stærð sleppinganna í Víðidalsá og Fitjá.

Sumarið 1990 var sleppt mun stærri seiðum en undanfarandi ár, svipuð seiði eins og sleppt var á árunum 1983-1985, en þá var tveggja ára ferskvatnsaldur aðalreglan.

### Niðurstöður rafveiða

Rafveitt var í Víðidalsá og Kambsá 1.-11. ágúst, en ekki fyrr en tveimur vikum seinna í Fitjá. Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 2 og á Myndum 2-4.

Mjög fá 2+ seiði fundust í Víðidalsá, og svo virðist sem þessi árgangur hafi gengið út vorið 1990. Meirihluti 1+ seiða var stærri en 10 cm og bendir allt til að þau seiði gangi út vorið 1991. Seiðin úr sleppingunum 1990 höfðu dafnað vel og voru um 1 cm lengri en sambærileg seiði árið áður.

Allt bendir því til að gönguseiðaframleiðsla á ólaxgengum svæðum í Víðidalsá hafi batnað mikið vorið 1990 og muni enn batna vorið 1991.

Sleppiseiðin frá 1989 í Kambsá höfðu ekki náð sömu stærð og jafnaldrar þeirra í Víðidalsá. Hinsvegar voru þau mjög vel á sig komin og ég tel líklegt að þau muni flest ganga til sjávar sem 2+ gönguseiði næsta vor.

Það hefur verið erfitt að meta árangur smáseiðasleppinga í Kambsá, en ymislegt hefur bent til að hann sé mun rýrari en árangur smáseiðasleppinga í Víðidalsá. Vorið 1989 var því sleppt kviðuggaklipptum seiðum. Þar sem seiðin voru frekar smá mátti búast við að uggarnir myndu í sumum tilfellum vaxa aftur. Í rafveiðunum nú kom í ljós að rúm 40% klipptra ugga höfðu endurnýjast. Þannig eru tæp 60% sleppiseiða frá 1989 merkt í Fitjá og 25% sleppiseiða í Víðidalsá. Það er mjög mikilvægt að vel verði fylgst með endurheimtum á árunum 1992-1994.

Seiðin sem sleppt var í Fitjá 1988 virðast ekki hafa þroskast eins vel og þau sem sleppt var í Víðidalsá og stór hluti þessara seiða fer ekki út fyrr en vorið 1991 þá sem 3+ seiði. Væntanlega batnar ástandið með sleppingum stærri seiða, en líklega má áin ekki við árlegum sleppingum á sömu svæði.

## ALYKTANIR

Í síðustu skýrslu fjallaði ég all ítarlega um þrjár megin leiðir í ræktunarstarfinu. Þessar leiðir þ.e. stjórn stærðar hrygningarstofns, smáseiðasleppingar á ólaxgeng svæði og sleppingar gönguseiða á laxgeng svæði þar sem forsendur fyrir náttúrulegri framleiðslu eru slakar.

Það ber ekki að líta á þessar aðferðir í einangrun heldur geta þær allar haft áhrif hver á aðra, en áherslurnar hljóta að breytast eftir ástandinu á hverjum tíma. Mikilvægt er að veiðifélagið taki sem virkasta afstöðu á hverjum tíma til ræktunarstarfsins.

Á þessu ári tel ég að leggja eigi áherlu á eftirfarandi:

1. Smáseiðasleppingar í Víðidalsá frá Hrappstöðum fram að Yxnárfossi og í Kambsá. Eg tel ekki tímabært að sleppa seiðum árlega á sömu svæðin enn sem komið er. Eg tel að á næsta ári skuli aftur merkja smáseiði sem sleppt verði framfarlega í Víðidalsá og Fitjá.
2. Til að smáseiðasleppingarnar skili raunverulegum árangri og rýri ekki framleiðslumöguleika á laxgengum svæðum verður að auka veiðifélagið því tel ég nauðsynlegt að bæta veiðistaði og starfrækja áfram gildruna í Kolu-gljúfrum. Eg tel þá víðáttu heppilegra uppeldissvæði fyrir ofan Kolufljúfur og miðað við stefnu veiðifélagsins í smáseiðasleppingum, sé rétt að sleppa einnig

hrygnum uppfyrir fossa. Í árum þegar göngur eru stórar ætti þó að fjarlægja hluta hrygnanna.

Í Fitjá ætti að reyna að takmarka stærð hrygningarstofnsins, a.m.k. neðantil í ánni.

3. Gönguseiðasleppingar geta komið sér vel í erfiðu árferði eða eftir náttúruhamfarir af ymsu tagi. Eg tel því að Viðdælingar ættu að halda áfram með að prófa slíkar sleppingar, með það að markmiði að stækka veiðisvæðið fyrir lax í þeim árum þegar ástandið á hefðbundnum laxveiðisvæðum er í góðu lagi.

Framkvæmd þessara aðgerða er háð því að þær séu hagkvæmar fyrir veiðiréttareigendur. Því þarf veiðifélagið að gera sér sem gleggsta grein fyrir verðmyndun í laxveiðinni til að geta tekið afstöðu til ofangreindra aðferða.

Tafla 1 Aldursgreining hreistursýna af löxum veiddum í Viðidalsá og Fitjá 1990.

Viðidalsá

Ferskvatnsaldur	Sjávaraldur			
	1 ár		2 ár	
	fj	%	fj	%
2 ár	1	8	11	17
3 ár sleppis	2	17	4	6
3 ár	1	8	26	39
4 ár	5	42	21	32
5 ár	2	17	2	3
Aður hrygnt	-	-	2	3
Eldislax	1	8	-	-
Samtals	12	100	66	100

\* Að auki bárust 5 hreistursýni af stórlöxum sem ekki var hægt að aldursgreina.

Fitjá

Ferskvatnsaldur	Sjávaraldur	
	1 ár	2 ár
3 ár sleppis	-	1
3 ár	-	5
4 ár	2	9
5 ár	-	1
Samtals	2	16

\* Að auki barst hreistursýni af einum stórlaxi sem ekki var hægt að aldursgreina.

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri á mismunandi stöðum í Víðidalsá og hliðarám, 10/8-24/8-31/8 og 1/9 1990.

Víðidalsá

Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m<sup>2</sup>

Staður nr	Stærð m	0+	1+	2+	3+/4+
-1	35x15	2.6	0.2	-	-
0	50x10	1.4	0.2	-	-
1	70x8	-	2.0	0.2	-
2	50x10	-	2.0	0.4	-
3	50x12	-	1.7	0.2	-
4	50x12	-	8.2	0.2	-
5	30x12	0.5	3.3	7.7	3.6
6	40x8	1.6	5.3	4.0	0.3
8	30x12	9.7	5.2	5.0	0.5
9	25x12	6.3	5.0	2.3	0.3
10	45x10	0.4	14.2	3.7	-

Fitjá


Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m<sup>2</sup>

Staður nr	Stærð m	0+	1+	2+	3+/4+
0	50x12	1.8	-	2.0	-
1	40x15	2.0	-	1.8	1.6
2	50x10	-	1.8	7.0	2.0
3	30x15	-	0.2	4.4	1.1
4	50x10	-	0.2	11.2	1.4
5	32x12	12.1	4.4	5.7	0.3
6	30x14	1.0	3.7	10.7	2.5
7	35x8	4.6	6.1	10.3	1.4
8	50x6	5.3	4.6	12.3	2.0
9	40x7	3.9	4.6	7.5	1.1

Kamsá

Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m<sup>2</sup>


Staður nr	Stærð m	1+	2+
0	50x4	4.0	3.5
1	50x6	-	2.3
2	50x6	-	8.6
3	50x6	-	7.3
4	50x7	-	2.0



Mynd 1. Yfirlit yfir rafveiðistaði í Viðidalsá og Fitjá.




FJÖLDI




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiðdra laxaseiða í Víðidalssá í rafveiðum 10/9-24/9 1990. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

FJÖLDI



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifingurveiddra laxaseiða í Fitjá í rafveiðum 24/8-1/9 1990. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).



Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Kambsá rafveiðum 10/8 1990. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).